



**Fundargerð
Oddvitanevndar
uppsveita Árnassýslu**



Fundur nr. 9 – 03.03.2022

9. fundur Oddvitanevndar uppsveita Árnassýslu (kjörtímabilið 2018 – 2022) var haldinn í fjarfundi, fimmtudaginn 3. mars 2022 kl. 8:00.

Fundinn sátu:

Ása Valdís Árnadóttir formaður, oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps

Björgvin Skafti Bjarnason, oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Halldóra Hjörleifsdóttir, oddviti Hrunamannahrepps

Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ása Valdís Árnadóttir.

1. Ársreikningur 2021.

Lagður var fram ársreikningur fyrir árið 2021 og hann staðfestur.

2. Hreyfisvæði við Heilsugæsluna í Laugarási.

Lagt fram aftur tölvupóstur frá Gunnari Gunnarssyni verkefnastjóra Heilsuefandi samfélags í Bláskógabyggð, Hrunamannahrepp og Skeiða- og Gnúpverjahreppi dagsett 18. ágúst 2021 þar sem óskað er eftir kostnaðarþátttöku í þróun á hreyfisvæði við Heilsugæsluna í Laugarási. Á síðasta fundi var formanni falið að fá nánari upplýsingar, þær liggja nú fyrir.

Nefndin er sammála um að verkefnið sé göfugt en telur sér ekki fært að styrkja verkefnið.

3. Saga nefndarinnar og Laugarás – vefurinn www.laugaras.is.

Á fundi oddvitanevndar í október 2018 lýsti nefndin yfir áhuga á að skoða nánar sögu og verkefni nefndarinnar og var rætt við Pál M. Skúlason varðandi verkefnið. Hann hefur nú samtvinnað sögu nefndarinnar við sögu Laugarás á vefsíðunni www.laugaras.is og má þar finna mikið af fróðlegum upplýsingum. Nefndin þakka Páli fyrir hans góða starf og ákveður að styrkja vefinn www.laugaras.is um 500.000.- krónur.

4. Samningur um umsjón jarðarinnar Laugarás.

Fyrir liggur að samningur um umsjón jarðarinnar Laugarás er til loka árs 2022. Nefndin samþykkir að skoða fyrirkomulag samnings og láta hnitsetja jörðina. Formanni falið að vinna málið áfram.

5. Skipulagsmál í Laugarási.

Lögð fram til kynningar drög að deiliskipulagi í Laugarási. Nefndinni list vel á þær breytingar sem lagðar eru fram og leggur áherslu á að lóðin í kringum heilsugæsluna verði stofnanalóð til að takmarka ekki framtíðarmöguleika á uppbyggingu.

6. Grenndarkynning vegna Laugagerði lóð.

Lagt fram bréf frá Umhverfis- og tæknisviði Uppsveita, dagsett 24. febrúar 2022 vegna grenndarkynningar á Laugagerði lóð. Nefndin gerir ekki athugasemd.

7. Næstu skref og framtíðaráform.

Næsti fundur nefndarinnar verður 25. apríl.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 9:45.